

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Heklubyggð, deiliskipulag úr landi Svínhaga.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 5. júlí 2013, tillögu að endurskoðun deiliskipulags fyrir Heklubyggð úr landi Svínhaga. Í stað þess að nefna svæðið Svínhagi er svæðið nefnt Heklubyggð. Númerum og heiti lóða er breytt. Lóðir H40-H42 eru sameinaðar í eina lóð, Klettahraun 6. Skilmálar svæðisins eru endurskoðaðir. Opið óbyggt svæði sunnan Hekluhrauns 10 og 14 (H-50, H-52) er reitað upp í spildur, staðsetning tjaldsvæðis og sameiginlegrar grillaðstöðu skilgreind.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Við gildistöku fellur úr gildi eldra deiliskipulag síðan 4. ágúst 2003, breytt 6. janúar 2004.

*Hellu, 25. nóvember 2013.*

**Haraldur Birgir Haraldsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2013